



Hörgársveit

Umhverfisstefna 2021 - 2031

Inngangur

Hörgársveit er 11 ára gamalt sveitarfélag sem varð til við sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps, 16.júní 2010. Í byrjun árs 2021 voru íbúar sveitarfélagsins 653. Hörgársveit er nokkuð landmikið sveitarfélag eða um 893 km² með langa strandlengju og dali sem teygja sig inn til landsins. Gróðurfar er fjölbreytt, láglendið vel gróið, fjöllin mörg brött með skriðum og Hörgáin rennur í gegnum sveitarfélagið allt til ósa.

Hörgársveit hefur lengst af verið nokkuð hefðbundið landbúnaðarsamfélag, sem þó hefur nokkra sérstöðu vegna nálægðar sinnar við Akureyri. Þangað er stutt að sækja þjónustu og fjölbreytta atvinnu. Þéttbýli er á Hjalteyri og á Lónsbakka og uppbygging athafnasvæðis er á Lækjarvöllum í Kræklingahlíð.

Sveitarfélagið hefur ávallt lagt sig fram um að taka ábyrga afstöðu í umhverfismálum og tekið framsýn skref gjarnan umfram það sem lög kveða á um. Skólar sveitarfélagsins, leikskólinn Álfasteinn og grunnskólinn Þelamerkurskóli eru grænfánaskólar og þar er unnið að fjölbreyttum og metnaðarfullum umhverfisverkefnum.

Ferli

Á fundi sveitarstjórnar í október 2019 var skipulags- og umhverfisnefnd falið að vinna umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Í lok árs 2020 réði sveitarstjórn Sif Jóhannesdóttur sem verkefnisstjóra við gerð stefnunnar. Umhverfis- og skipulagsnefnd hélt vinnufundi 25. janúar, 22. febrúar, 27. apríl og 4. maí. Íbúakönnun um umhverfismál var gerð í mars, þátttaka var nokkuð góð en alls tóku 119 manns þátt í könnuninni. Haldinn var vinnufundur með stjórnendum stofnanna sveitarfélagsins og mótaðir þeir þættir stefnunnar sem tengjast þeirra starfssviðum. Drög að stefnunni voru birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Opinn íbúafundur var haldinn á Melum þann 25. maí þar sem drögin voru kynnt.

Stefnan var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 18. júní 2021

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Umhverfisstefna Hörgársveitar er samin með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

[Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun](#) voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins.

Í stefnunni eru heimsmarkmiðin tengd við hverja og eina aðgerð.



HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Stefna

Í umhverfismálum leggur Hörgársveit ríka áherslu á sjálfbærni, þ.e. að leita allra leiða til að skila náttúru og umhverfi í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða. Horft er til fjölbreyttra umhverfisþátta t.a.m. náttúruvernd, nýtingu og lýðheilsu. Sveitarfélagið lítur á það sem hlutverk sitt að vera leiðandi í umhverfismálum, ganga á undan með góðu fordæmi og skapa íbúum sveitarfélögum sem bestar aðstæður til að taka þátt í sameiginlegum verkefnum mannkyns í umhverfismálum. Það mun sveitarfélagið gera með fræðslu og bættri aðstöðu fyrir íbúa. Hér er mörkuð ákveðin stefna, en hafa þarf í huga að þekking á umhverfismálum þróast hratt og nýjar stefnur og lög taka gildi bæði á landsvísu og í víðara samhengi. Því þarf stefna sem þessi sífellt að vera í endurskoðun og má ekki binda þá sem eftir henni starfa við úreltar aðferðir eða þekkingu.

Uppsetning stefnunnar

Undir hverjum kafla er sértæk stefna fyrir viðfangsefni kaflans, þar sem stefna sveitarfélagsins þar að lútandi er sett fram. Því næst koma markmið sem sveitarfélagið hefur sett sér til að framfylgja stefnunni.

Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun, þar sem útfærðar eru þær leiðir sem sveitarfélagið hyggst fara til að ná viðkomandi markmiðum. Við hverja aðgerð er skráður ábyrgðaraðili eða aðilar. Það eru þeir aðilar sem eiga að fylgja því eftir að af aðgerðunum verði. Einnig er sett tímaáætlun við hverja aðgerð. Margar aðgerðir eru þegar í virkni en til að draga ekki úr mikilvægi þeirra góðu hluta sem þegar eru í framkvæmd eða ýta þeim til hliðar er mikilvægt að festa þá í sessi í stefnunni. Sumar tímasetningar tilgreina því aðeins að viðkomandi aðgerð sé þegar virk, í öðrum er tilgreint hvenær aðgerð skal hefjast og í enn öðrum hvenær ákveðinni aðgerð skal vera lokið. Aðgerðirnar eru ólíkar, sumar ná yfir langan tíma, aðrar eru afmörkuð verkefni og skýrast þessar ólíku gerðir tímasetninga af því. Aðgerðaáætlun skal yfirfarin árlega og uppfærð eftir því sem tilefni er til, áætlanir geta riðlast vegna nýrra laga, fjárhagsstöðu sveitarfélagsins eða annarra þátta, því er mikilvægt að framkvæmdaáætlun sé „lifandi skjal“

Flokkar:

1. Umhverfisfræðsla
2. Loftslagsmál
3. Úrgangsmál
4. Samgöngur
5. Landnýting, landgræðsla og landvernd
6. Lýðheilsa
7. Atvinnulíf
8. Stjórnsýsla

1. Umhverfisfræðsla



Stefna

Þekking er lykilatriði þegar kemur að úrbótum og framsýni í umhverfismálum. Því er fræðsla í umhverfis- náttúru- og lýðheilsuáttum grundvallarstef í umhverfisstefnu Hörgársveitar. Áhersla er lögð á þau skref sem hver og einn getur tekið til úrbóta og þær leiðir sem samfélagið í heild getur valið til að auka sjálfbærni.

Umhverfisfræðsla barna og unglunga í sveitarfélaginu er til fyrirmyndar. Leikskólinn Álfasteinn og Þelamerkurskóli eru skólar á grænni grein og flagga grænfánanum. Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni. Þeir skólar sem eru aðilar að verkefninu setja sér reglulega ný markmið og taka ný umhverfisvæn skref. Þelamerkurskóli er einnig þátttakandi í verkefni Landverndar „Vistheimt með skólum“. Í því verkefni vinna nemendur skólans í samstarfi við sveitarfélagið og Norðurorku að uppgræðslu gamallar malarnámu. Þar verður byggt upp útivistarsvæði sem byggir á hugmyndum og hönnun nemenda.

Skólarnir eru þar að auki báðir „heilsueflandi skólar“ sem er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Umhverfis- og lýðheilsuáttir eru því í öndvegi í skólunum. Gæta þarf vel að þessum grunni og leita leiða til að „smita“ þessum góðu verkefnum enn betur út í samfélagið allt.

Hörgársveit leitast við með aðgengilegum upplýsingum og reglulegri fræðslu að efla íbúa sveitarfélagsins sem virka þátttakendur í vegferðinni að umhverfisvænni og heilbrigðari lífsháttum. Lögð verður áhersla á jafningjafræðslu og kynningu á umhverfisvænum verkefnum í heimabyggð.

Markmið

- 1.1 Íbúum sveitarfélagsins er reglulega boðið á fræðsluviðburði um umhverfismál og lýðheilsu, einnig hafa þeir ávallt aðgang að uppfærðum upplýsingum og fræðslu um umhverfismál á heimasíðu sveitarfélagsins.
- 1.2 Haldið verður áfram með og stutt við frábært starf í skólum sveitarfélagsins í umhverfismálum og leitað leiða til auka áhrif þess starfs á samfélagið í heild.

2. Loftslagsmál



Stefna

Hörgársveit tekur markviss skref til að draga úr neikvæðum áhrifum af starfsemi sveitarfélagsins á loftslagið. Þannig er það virkur þátttakandi í sameiginlegu verkefni jarðarbúa til úrbóta í loftslagsmálum.

Markmið

- 2.1 Með fræðslu verður leitast við að efla meðvitund og þekkingu íbúa á nýtingu náttúruauðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi.
- 2.2 Starfsemi sveitarfélagsins verði kolefnishlutlaus árið 2026.
- 2.3 Gætt skal að loftgæðum og ávallt leitast við að draga úr loftmengun.

3. Úrgangsmál



Stefna

Úrgangsmál eru eitt stærsta og veigamesta verkefni sveitarfélaga þegar kemur að umhverfismálum. Hörgársveit hefur lagt áherslu á að veita íbúum sínum góða þjónustu með umhverfið í fyrirrúmi í þessum málaflokki. Sveitarfélagið hefur fram til þessa og mun áfram taka þátt í svæðisbundnu samstarfi og skipulagi sem lýtur að úrgangsmálum. Hörgársveit verður áfram til fyrirmyndar í úrgangsmálum, með áherslu á nýtingu, flokkun og fræðslu.

Markmið

- 3.1 Sveitarfélagið skapar grundvöll fyrir stöðugar framfarir í úrgangsmálum með fræðslu fyrir íbúa í samstarfi við stofnanir, félög og aðra samstarfsaðila. Í fræðslu verður lögð áhersla á neyslvitund og ábyrgð einstaklingsins á réttri flokkun og skilum á endurvinnsluefnum.
- 3.2 Með aukinni upplýsingagjöf, fræðslu og bættri þjónustu fyrir íbúa, stefnir Hörgársveit á að draga stórlega úr magni úrgangs sem fer til urðunar. Sveitarfélagið stefnir á að ná landsmeðaltali í hlutfalli úrgangs sem fer til urðunar innan gildistíma áætlunarinnar. Unnið verður út frá hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Sveitarfélagið leggur áherslu á að taka fullan þátt í að ná þeim sameiginlegu markmiðum sem sett verða í nýrri stefnu umhverfisráðherra um meðhöndlun úrgangs sem nú bíður samþykktar.
- 3.3 Ásýnd sveitarfélagsins verði hrein og þess gætt að mengun og sorp nái ekki út í náttúruna.

4. Samgöngur



Stefna

Hörgársveit leggur áherslu á greiðar samgöngur með uppbyggingu vega og stígakerfis sem þjónar íbúum í daglegu lífi, atvinnustarfsemi og bætir lýðheilsu. Öryggi og heilsa íbúanna skal ávallt vera í forgrunni. Þróun samgangna í sveitarfélaginu þarf að vera á grunni þarfa íbúanna með tilliti til umhverfisáhrifa

Markmið

- 4.1 Byggja upp göngu-, reið- og hjólastígakerfi innan sveitarfélagsins samkv. gildandi skipulagi. Allt frá merktum gönguleiðum á skógræktarsvæðum til sérútbúinna uppbyggðra stíga.
- 4.2 Hörgársveit verður þátttakandi í orkuskiptum sem framundan eru og mun leggja sitt af mörkum til að auðvelda íbúum að taka þátt.

5. Landnýting, landgræðsla og landvernd



Stefna

Landgæði og náttúra er fjöregg Hörgársveitar sem leggur áherslu á skynsamlega landnýtingu þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Landnýting skal vera í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins, standa skal vörð um landbúnað en um leið að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands. Ávallt skal horft til verndar náttúru- og söguminja þegar teknar eru ákvarðanir um landnýtingu.

Markmið

- 5.1 Hörgársveit býður upp á fræðslu fyrir íbúa sveitarfélagsins um landnýtingu, sjálfbærni og náttúruvernd.
- 5.2 Landnýting innan sveitarfélagsins skal vera sjálfbær og ávallt skal það haft í huga að skila henni í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða. Skógrækt í Hörgársveit skal vera með ábyrgum og skipulögðum hætti. Skógur skal í auknum mæli vera nýttur sem skjólgróður og skógræktarsvæði opin almenningi.
- 5.3 Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum.
 - 5.3.1 Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum svo sem með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.

6. Lýðheilsa



Stefna

Með fræðslu og góðri aðstöðu til hreyfingar og útivistar leggur sveitarfélagið sitt af mörkum til heilsueflingar íbúanna, bæði andlegrar og líkamlegrar. Skólar sveitarfélagsins eru heilsueflandi skólar, stefnt skal að því að Hörgársveit verði heilsueflandi sveitarfélag.

Markmið

- 6.1 Heilbrigðismál verði hluti af fræðsluáætlun sveitarfélagsins þar sem íbúum verður boðið upp á fræðslu um mikilvægi hreyfingar og útivistar sem forvörn gegn ýmsum sjúkdómum.
- 6.2 Hörgársveit verði virkur þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ á vegum Landlæknisembættisins.
- 6.3 Íbúar sveitarfélagsins skulu hafa aðgengi að góðri og fjölbreyttri aðstöðu til útivistar og hreyfingar.

7 Atvinnulíf



Stefna

Fjölbreytni í atvinnulífi í Hörgársveit eykst með aukinni ferðaþjónustu, vaxandi heimaframleiðslu, uppbyggingu iðnaðarsvæða og þróunar í landbúnaði. Sveitarfélagið leggur áherslu á að skapa skilyrði og hvetja til aukinnar áherslu á umhverfislega ábyrgð í atvinnulífi í sveitarfélaginu.

Markmið

- 7.1 Fyrirtæki í sveitarfélaginu verði hvött til að haga starfsemi sinni þannig að hún sé í sem mestri sátt við náttúru og samfélag. Ávallt sé leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi.
- 7.2 Lögð verði áhersla á dýravelferð

8. Stjórnsýsla



Stefna

Í stjórnsýslu sveitarfélagsins Hörgársveitar eru umhverfismál gegnumgangandi þráður sem hefur áhrif á ákvarðanatöku og skipulag.

Markmið

8.1 Kjörnir fulltrúar og lykilstarfsmenn sveitarfélagsins þekki vel til umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

8.2 Við ákvarðanatöku og dagleg störf á vegum sveitarfélagsins skal ávallt tekið mið af umhverfisstefnu þessari.